



Skýrsla stjórnar starfsárið 2017 – 2018

Aðalfundur Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis (VSFS) fór fram 1. júní 2017, nýkjörin stjórn tók þá strax til starfa og hafði nóg fyrir stafni. Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu einnig fóru stjórn og trúnaðarmenn á þriggja daga námsstefnu sem haldin var í október í Vík í Mýrdal. Önnur námskeið sem starfsmenn sóttu voru námskeið um breytingarnar á persónuverndarlögunum, um hvernig þau koma við starfsemi stéttarfélagana og formaður sat námskeið um samningamál hjá ASÍ.

Á síðasta starfsári festi félagið kaup á aðstöðu á jarðhæð í Vörðunni og var unnið í því að koma húsnæðinu í stand. Þetta starfsár hófst á skilum á húsnæðinu að Tjarnargötu 8 og flutningi yfir í nýju aðstöðuna. Flutningurinn gekk vel en tók meiri tíma og var meiri vinna en formaður gerði ráð fyrir.

Félagið á tvo orlofsbústaði í Hraunborgum, einn í Húsafelli, íbúð á Akureyri og ásamt þremur öðrum stéttarfélögum íbúð á Spáni. Það fer töluverð vinna hjá starfmönnum félagsins í að halda við og sinna þessum eignum. Formaður félagsins situr í stjórn félags orlofshúsaeiganda í Hraunborgum þar sem þarf að sækja bæði stjórnarfundir sem og aðalfund og á síðasta aðalfundi var meðal annars ákveðið að breyta rekstrarforminu sem kemur betur út fyrir alla. Í Húsafelli urðu vatnsskemmdir á bústaðnum í vetur eftir að frosið hafði í frárennslisrörum. Formaður fór í að laga þær skemmdir einnig fraus í lögnum í öðrum bústaðnum í Hraunborgum sem á eftir að skoða betur. Formaður þurfti að fara til Spánar vegna orlofsíbúðarinnar sem félagið á þar til að koma bankaviðskiptunum í lag ásamt því að lagfæra það sem fallið hafði til.

Formaður sat fjölmarga fundir fyrir hönd félagsins á starfsárinu. Formaður ásamt trúnaðarmanni félagsins héldu sjö vinnustaðafundi með fyrirtækjum á svæðinu meðal annars að fara yfir kjarasamningana sem eru í gangi á svæðinu mikil ánægja er á meðal félagsmanna með slíka vinnufundi. Formaður og varaformaður sátu fjóra fundir með Suðurbandalaginu en það er samvinna á milli fimm stéttarféлага í Suðurkjördæminu. Formaður situr sem



varamaður miðstjórn ASÍ frá árinu 2016-18 og á starfsárinu fór formaður á fimm miðstjórnarfundum. Varaformaður var skipaður í Siðanefnd SGS og sat fimm fundum Siðanefndar. Formannafundir ASÍ voru 2 á starfsárinu og fór formaður ásamt Hjördísi stjórnarmanni á aðalfund Festa Lífeyrissjóðs. Það þar nóg að gera í fundarsetu í málefnum tengdum SGS sem dæmi sótti formaður fundum laganeftand, fundum kjörneftand og nefndaneftand, allt fyrir þingið þeirra en formaður ásamt varaformanni sátu þingið sem haldið var á Selfossi dagana 11. - 12. október. Formaður sat svo launaráðstefnu sem SGS hélt í lok árs 2017.

Hið venjubundna kaffiboð var haldið 1. maí með tilheyrandi spjalli í miðrými Vörðunnar og stórhljómsveit Guðmundar Ingólfssonar hélt svo uppi fjörinu og sönghópurinn Uppsíglíng söng og var með fjöldasöng.

Af þessu að dæma má segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá félagsmönnum í félaginu, stjórn og starfsfólkinu.